

Af hálfu stjórnar Landssambands hestamannafélaga var sett á fót laganefnd á síðasta kjörtímabili en slík nefnd hafði ekki áður verið starfandi. Skipaðir í laganefndina voru eftirgreindir aðilar:

Óðinn Elísson, formaður

Ólafur Haraldsson, meðstjórnandi.

Sóley Margeirsdóttir, meðstjórnandi.

Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi.

Á fyrsta starfstímabili nefndarinnar hefur farið nokkur tími í að slíta barnskónum. Nefndarmenn hafa yfirfarið og skoðað lagareglur sem gilda um landssambandið og lög og reglur um keppni á vegum sambandsins.

Laganefndin hefur á starfstímabilinu verið stjórn landssambandsins til ráðgafar um lögfræðileg álitaefni sem upp hafa komið og aðstoðað stjórnina við gerð samninga o.fl. Fundir voru haldnir með fulltrúum úr stjórn sambandsins og fulltrúum í keppnisnefnd m. a. vegna ágreiningsefna sem upp hafa komið varðandi túlkun á keppnisreglum og viðurkenningu á metum.

Það er álit laganefndar að það sé Landssambandi hestamanna til framdráttar að slík nefnd sé starfandi áfram til ráðgjafar fyrir stjórn og aðrar nefndir á vegum sambandsins á milli landsþinga.

Nefndin telur að brýnt sé að „Fípo reglurnar“, sem gilda um skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða hér á landi sem varða íslenska hestinn, séu á hverjum tíma með góðri íslenskri þýðingu aðgengilegar fyrir þá aðila sem þær varða. Við athugun á ágreiningsefnum sem upp hafa komið varðandi keppnir t. d. varðandi viðurkenningu meta, þá hefur komið í ljós að ósamræmi er á milli „Fípo reglna“, sem leggja skal til grundvallar samkvæmt lögum sambandsins og ákvæða í hinum birtu íslensku keppnisreglum.

Mikilvægt er að lagt verði sem fyrst af stað í vinnu við endurskoðun núgildandi laga og reglna í þeim tilgangi að gætt sé fyllsta samræmis í lagaumhverfinu og að ótvírætt sé á hverjum tíma hvaða lög og reglur gilda um mótahald og aðra hestaviðburði, viðurkenningu meta o.s.frv. Sé það vilji komandi stjórnar að nefndin starfi á næsta kjörtímabili blasa við henni ærin og verðug verkefni.

Laganefnd